

REGLUGERÐ

um breytingu á breytingu á hafnarreglugerð fyrir Reykjavíkurböfn,
nr. 243 21. desember 1965.

1. gr.

Gjöld þau, sem getur í 1. gr. reglugerðarinnar varðandi breytingu á 33., 34., 35., 36., 37. og 41. gr. svo og gjöld sem getur í 2. gr. reglugerðarinnar varðandi breytingu á 48. gr. reglugerðar fyrir Reykjavíkurböfn nr. 233 29. desember 1961, hækki um 20 af hundraði (20%).

2. gr.

Fyrir flutning á hafnsögumönnum skal greiða í samræmi við 51. gr. hafnarreglugerðarinnar fyrir Reykjavíkurböfn.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, og lögum nr. 27 22. nóvember 1918 um hafnsögu í Reykjavík, staðfestist til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 4. desember 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Kristinn Gunnarsson.

28. nóvember 1968.

Nr. 295.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um skráningu sérlyfja nr. 48 20. maí 1964.

1. gr.

7. gr. 1. mgr. reglugerðarinnar orðist svo:

Greiða skal gjald að upphæð kr. 1000.00 fyrir hverja umsókn um skráningu sérlyfs, sbr. 3. gr.

2. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af hverju formi sérlyfs, sbr. 9. og 10. gr., sem er á sérlyfjaskrá 1. janúar ár hvert, skal greiða 500.00 króna árgjald, er greiðist til sérlyfjasjóðs fyrir 1. febrúar ár hvert.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 57. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast gildi 31. desember 1968.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 28. nóvember 1968.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.